

**Nd.**

**619. Nefndarátt**

um frv. til laga um einkasölu á útfluttri sild.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefndin hefir klotnað í þessu máli. Fjórir nefndarmennirnir munu vera á móti því, að frv. nái fram að ganga.

Og þótt ég sjái, að það muni ekki komast fram á þessu þingi, þá vildi jeg þó láta álit mitt koma fram. En það álit mitt er í engu breytt frá því, er jeg þar frv. fram í þinginu, og get jeg því þar um vísað til greinargerðar fyrir frv. og framsögu minnar við flutning málsins.

Það skipulag á sölu sildarinnar, sem næst með einkasölu ríkisins, er að minnu álitu hið eina tryggja. Lögfest samtök útgerðarmanna, eins og rætt var um á Alþingi 1921, geta ef til vill eitthvað bætt úr í svip. En á því eru þó talsverð vandkvæði. Einkasala ríkisins er miklu óbrotnara fyrirkomulag, og mundi heldur ekki valda neinum vandkvæðum út á við.

Með einkasölunni er líka beinlínis trygging fyrir því, að alt kapp verði á það lagt að útvega nýjan markað fyrir síldina, og það eitt út af fyrir sig er svo mikilsvert fyrir þennan atvinnuveg og fyrir landsmenn, að það ætti að gefa þessu máli þyr undir báða vængi hjá þjóð og þingi.

Alþingi, 10. maí 1923.

Jón Baldvinsson.